


Samúel litli Jónsson á Borgarspítalanum í gær. Ljósm. Friðþjófur.

á grúfu, meðvitundarlaus og mjög kaldur. Klæddu þeir hann strax úr blautum fötunum, vöfðu hann í teppi og hófu strax björgun úr dauðadái með blástursaðferðinni. Tók Samúel litli fljótt við sér. Hann var fluttur á Borgarspítalann en í gær var hann orðinn svo hress, að hann fékk að fara heim til sín.

„Þeir félagarnir Ársæll og Baldur stóðu hárrétt að björgunaraðgerðunum enda búnir að læra þetta. Björgunin sýnir vel hve nauðsynlegt er að sem flestir læri blástursaðferðina og hjálp í viðlögum því þessar aðferðir hafa margsannað gildi sitt," sagði Gísli Þorsteinsson lögregluþjónn í samtali við Mbl. í gær, en Gísli kom fljótt á vettvang.

Málavextir voru þeir í stuttu máli, að Samúel litli fór niður að höfn ásamt systur sinni. Fóru þau niður í flotpramma á höfninni, þar sem drengir voru að veiða. Samúel féll í sjóinn og hljóp þá systir hans upp á bryggjuna og kallaði á hjálp.

Dreng bjargað úr höfninni á síðustu stundu:

„Hárrétt staðið að björguninni" – segir lögreglan

FRÆKILEGT björgunarafrek var unnið í Reykjavíkurhöfn skömmu eftir hádegi á föstudaginn. Sex ára drengur, Samúel Jónsson, fell í höfnina en var bjargað skömmu síðar af tveimur skipverjum á Árvakri, þeim Baldri Halldórssyni og Ársæli Björgvinssyni. Þegar þeir náðu Samúel litla upp úr sjónum var hann Þeir Baldur og Ársæll, sem voru þarna skammt frá, brugðu skjótt við, Ársæll henti sér í sjóinn og náði Samúel litla upp í prammann en Baldur hringdi á hjálp. Síðan kom Baldur á vettvang og beitti blástursaðferðinni.

Varnarliðið losar hvellhettuhylki í sjóinn

Lögbrot, þar sem ekki var haft samband við Siglingamálastofnunina, segir verkfræðingur hennar

VARNARLIÐIÐ hefur látið fleygja í sjóinn litlum hylkjum utan af hvellhettum, sem notaðar eru til þess að losa hlustunardufl frá flugvél þegar því er varpað í sjóinn til að fylgjast með ferðum kafbáta. Hylki þessi, sem eru á stærð við hárlakksbrúsa og opin í annan endann, eru úr málmi. Hefur þeim verið sökkt á svæði, þar sem hraunbotn er, svo að þau komi ekki upp í togveiðibúnað.

Páll Ásgeir Tryggvason sendiherra og yfirmaður varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins sagði í viðtali við Morgunblaðið í gær, að þessi hlylki væru algjörlega skaðlaus og í þeim væri hvorki eiturefni né annað, sem skaðað gæti lífið í sjónum. Um væri að ræða málmhylki, sem ekki væri unnt að nýta aftur hér á landi og hefðu þau verið farin að safnazt fyrir á Keflavíkurflugvelli. Hafi því verið ákveðið að losa sig við þessi hylki á þennan hátt.

Hylkin eru eins og litlir brúsar, opnir í annan endann og eru þau notuð til þess að losa stærri hylki úr ramma, sem þau eru fest í í könnunarflugvélum varnarliðsins. Um leið og hylkið, sem er eins konar hvellhetta, springur, losnar hlustunardufl, sem fellur frá flugvélinni og í sjóinn. Hlustar duflið eftir ferðum kafbáta og sendir upplýsingar um hljóðmerki til flugvélarinnar. Páll Ásgeir kvað þessi hylki hafa verið flutt um hliðið á Keflavíkurflugvelli með fullu samþykki lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, Þorgeirs Þorsteinssonar, og jafnframt mun hafa verið haft samráð við Landhelgisgæzluna um hentugan stað til þess að sökkva hylkjunum í sjó. Páll kvað hylkin algjörlega meinlaus.

Þórður Ásgeirsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu kvaðst eiga von á skýrslu um þetta mál frá utanríkisráðuneytinu eftir helgina, en samkvæmt upplýsingum, sem hann hefði fengið um málið, kvað hann þessi hylki hafa verið án eiturefna eða sprengiefnis.

Magnús Jóhannsson, verkfræðingur Siglingamálastofnunarinnar, en hún er sá aðili hérlendis, sem hefur eftirlit með þeim efnum, sem varpað er í sjó, kvað varnarliðið ekki hafa haft samband við stofnunina og ekki leitað heimildar til þess að hylkjunum væri kastað í sjóinn. „Er því um hreint lögbrot að ræða," sagði Magnús. Hann kvað þetta mál verða kannað nánar eftir helgina.

Samkvæmt alþjóðasamningi, sem gerður var í London árið 1972 og fjallar um efni, sem varpað er í sjó, ber að tilkynna öðrum aðildarríkjum, sem samþykk hafa samninginn, hverju varpað hafi verið í sjó, hvar og hve miklu magni. Við samþykktina eru þrír viðaukar, sem skilgreina sérstaklega þau efni, sem algjörlega er bannað að losa í sjó, og eru þau tilgreind í fyrsta viðaukanum. Eru það t.d. lífræn halogenefnasambönd, ýmsir þungmálmar eins og t.d. cadmiumblý, nælonnet og annað slíkt, sem flýtur. Í öðrum viðaukanum er rætt um allan rúmfrekan úrgang, sem sekkur til botns. Þarf sérstakt leyfi til þess að losa hann. Magnús sagði, að ekkert hefði verið leitað til Siglingamálastofnunarinnar um þessa ákveðnu losun nú og væri því ljóst að um lögbrot væri að ræða. Skylt er síðan að tilkynna um öll gefin leyfi til losunar.


Prestskosningar í Hafnarfirði

PRESTSKOSNINGAR fara fram í tveimur prestaköllum í Hafnarfirði í dag, Hafnarfjarðarprestakalli og Víðistaðaprestakalli.


Hafnarfjarðarprestakall nær yfir svæðið sunnan og austan Reykjavíkurvegar og er kjörstaður í Lækjarskóla, en Víðistaðaprestakall yfir svæðið vestan og norðan Reykjavíkurvegar og er kjörstaður í Víðistaðaskóla. — Kosning hefst kl. 10 f.h. og lýkur kl. 10 e.h.

Umsækjendur um Hafnarfjarðarprestakall eru tveir sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir og sr. Gunnþór Ingason. — Stuðningsmenn sr. Auðar eru með skrifstofu í Góðtemplarahúsinu, sími 5-22-66, en stuðningsmenn sr. Gunnþórs að Lækjargötu 10, sími 5-25-44.

Einn umsækjandi er um Víðistaðaprestakall, sr. Sigurður H. Guðmundsson. Stuðningsmenn hans eru með skrifstofu að Reykjavíkurvegi 68, sími 5-19-75.



Morgunn lífsins eftir Kjarval.




Altaristafla

Ný Kjarvalssýning á Kjarvalsstöðum:

„Nýir strengir í ótrúlega fjölþættri listhörpu Kjarvals"



Súsanna í baðinu og tveir senatorar.



Jón Arason og synir hans.